

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1966.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1966 skal koma saman mánudaginn 10. október 1966, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af lánum, sem þeim hafa verið veitt úr ríkissjóði samkvæmt heimildum í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og undanfarinna ára.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að breyta lánum Raforkusjóðs til rafmagnsveitna ríkisins, sem veitt hafa verið af eigin fé sjóðsins, í vaxta- og afborganalaus lán fyrst um sinn. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af skuld þeirra við Ríkisábyrgðasjóð eins og hún er við lok árs 1965.

4. gr.

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða verðjöfnunargjald til rafmagnsveitna ríkisins.